

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Af fasteignamatssverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 1.2%.

Ef hús, er greiða ber af vatnsskatt, eru ekki virt fasteignamatssverði eða húsin eru utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, ákveður vatnsveitan skattinn.

Hafnarsjóður, verksmíðjur, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, skulu greiða aukavatnsskatt, annað hvort samkvæmt mæli, með 150 aurum fyrir hvern teningsmeter, eða þá skal vatnsveitan ákveða aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Gjald fyrir uppsetningu vatnsmælis, þar sem gert hefur verið ráð fyrir þeim í vatnslögn:

5—7 m ³ (¾"—1") mælir	kr. 450.00
10—20 m ³ (1¼"—1½") mælir	— 675.00
50—80 m ³ (2"—4") mælir	— 1125.00

Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytingar á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Leiga fyrir vatnsmæla:

5—7 m ³ (¾"—1") mæli	kr. 30.00 á mán.
10—20 m ³ (1¼"—1½") mæli	— 40.00 - —
50—80 m ³ (2"—4") mæli	— 90.00 - —

Gjald fyrir enduropnun heimæðar kr. 500.00.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar, nr. 185 12. desember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 1. apríl 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

R E G L U G E R Ð

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 44 5. maí 1958, sbr. breyting á þeirri reglugerð, nr. 232 31. desember 1959.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldþagi vatnsskatts húsa er 1. apríl ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 9. gr. fellur í gjaldþaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkvæmt 10. gr. fellur í gjaldþaga mánaðarlega eftir